

# Skipulags- og byggingarnefnd

Þannig lagt  
fyrir bæjarstjórn 29.06.2006.

## Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir bæjarstjórn.

**Byggingarfulltrúi** starfar með nefndinni.

Nefndin starfar á **tæknisviði**, sem er undir stjórn **byggingarfulltrúa**. Eftirfarandi stofnanir starfa á verksviði nefndarinnar: embætti byggingarfulltrúa.

## Skipan nefndarinnar

Í skipulags- og byggingarnefnd eiga sæti **fimm fulltrúar**, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum **sveitarstjórnarlaga, skipulagslaga, byggingalaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa eiga **byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri og bæjarstjóri** rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndin kýs formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum.

## Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í skipulags- og byggingarmálum og sinna lögbundnu byggingareftirliti,
- að fara með umferðarmál og ferlimál fatlaðra,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í þessum málaflokkum,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga,
- að starfa með byggingarfulltrúa og bæjarstjóra,
- að gera tillögur um úrbætur á því sviði sem undir hana heyrir.

## Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla **samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Skipulags- og byggingarnefnd kemur saman fyrir **luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma**, að minnsta kosti einu sinni í hverjum mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Nefndin skal halda **gerðarbók**. Fundarritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni og afgreiðslu** nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari **lesa fundargerðina** upp og allir viðstaddir **undirrita hana**. Fundargerðum kemur formaður nefndarinnar til ritara bæjarstjóra sem hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar. Ritari sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu bæjarstjórnar.

Nefndarformaður og/eða byggingarfulltrúi sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **tveimur sólarhringum fyrir fund**.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti nefndarinnar er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

## Eftirfylgni

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu **snúa sér til bæjarstjóra** með eftirfylgni staðfestra samþykktar nefndarinnar.

## Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði **sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**.

Nefndarmanni er skylt að **sækja fundi** nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að **koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns og/eða byggingarfulltrúa a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu **hafa hag bæjarins að leiðarljósi** við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og **samþykktum um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir **þagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að eigi leynt að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan**, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti afstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann vikur af fundi.

## **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim *lögum og reglugerðum*, sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó lög sem um *byggingamál, ferlimál, brunavarnir og brunamál, umferðarmál, umhverfis- og gróðurverndarmál* gilda hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar*.